



Starfsgreinasamband
Íslands

Kjarasamningur milli Starfsgreinasambands Íslands annars vegar og Landssambands smábátæigenda og Sambands smærri útgerða hins vegar

1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landssamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 72.000 félagsmenn.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins er að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

Fylgstu með breytingum á launakjörum og nýjustu fréttum á www.sgs.is

Ákvæðisvinna við línu og net

Kjarasamningur

**milli Starfsgreinasambands Íslands
annars vegar og
Landssambands smábátæigenda og
Sambands smærri útgerða hins vegar**

Gildistími 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við uppstokkun eða beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við netavinnu.

2. gr. Launahækkanir

Umsamdar hækkanir verða sem hér segir:

1. apríl	2019:	302.765 kr. + 17.000 kr. = 319.765 kr.
1. apríl	2020:	319.765 kr. + 24.000 kr. = 343.765 kr.
1. apríl	2021:	343.765 kr. + 24.000 kr. = 367.765 kr.
1. janúar	2022:	367.765 kr. + 25.000 kr. = 392.765 kr.

Hagvaxtarauki

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa. Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðar-launataxta kjarasamninga
1,00% til 1,50%	3.000 kr.
1,51% til 2,00%	5.500 kr.
2,01% til 2,50%	8.000 kr.
2,51% til 3,00%	10.500 kr.
3,01% eða meira	13.000 kr.

Við ákvörðun launaauka vegna áranna 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðra bráðabirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grundvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí. Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.

Starfsaldurshækkanir

Eftir tveggja ára starf hjá sama atvinnurekanda greiðist 1% á kauptryggingu.

Eftir þriggja ára starf hjá sama atvinnurekanda greiðist 2% á kauptryggingu.

3. gr. Launakjör

a) Beitning með beituskurði

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu frá 1. apríl 2019:

420 krókar með beituskurði kr. 3.488

450 krókar með beituskurði kr. 3.737

500 krókar með beituskurði kr. 4.153

540 krókar með beituskurði kr. 4.485

Sé línar lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti og sjái um beituskurð án annarrar vinnu við bátinn.

b) Beitning án beituskurðar

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu frá 1. apríl 2019:

420 krókar án beituskurðar kr. 3.192

450 krókar án beituskurðar kr. 3.420

500 krókar án beituskurðar kr. 3.800

540 krókar án beituskurðar kr. 4.104

Sé línar lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti án annarrar vinnu við bátinn.

c) Uppstokkun á línu

Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 74% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt a-lið þessarar greinar. Greiðslur fyrir uppstokkun taka mið af lengd bjóða með sambærilegum hætti og er fyrir beitningu. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

420 króka uppstokkun kr. 2.581

450 króka uppstokkun kr. 2.766

500 króka uppstokkun kr. 3.073

540 króka uppstokkun kr. 3.319

d) Skilgreining vinnu

Heimilt er að láta starfsmenn vinna við umhirðu á línu svo sem uppstokkun og aðstöðu í starfsstöð. Það er í þeim tilfellum sem starfsmenn ná ekki að beita/stokka upp sem nemur mánaðarlegri kauptryggingu enda skal sú vinna fara fram á dagvinnutíma.

e) Vinna á frídögum

Pegar starfsmaður er kvaddur til vinnu á frídögum skv. gr. 2.3.2 í aðalkjarasamningi bætist við 80% álag á greiðslu. Sama álag greiðist á þeim sunnudögum sem kallað er til vinnu eftir að kauptryggingu er náð innan almanaksmánaðarins.

f) Samningsforsendur

Samningur þessi er miðaður við 6 millimetra og 7 millimetra svera línu og mest 1,20 metra á milli króka. Ef bregður út af þessum samningsforsendum ber að semja um þá vinnu sérstaklega.

g) Lenging á milli króka

Ef lengd á milli króka er 1,20 metrar til og með 1,30 metrar skal greiða 10% álag á beitt bjóð. Ef bregður út af þessum samningsforsendum ber að semja um þá vinnu sérstaklega.

h) Lagfæring á rekkum

Yfirferð á línu og lagfæring á krókum í rekka hjá bátum með vélbeitningu þar sem ekki er verið að færa á milli rekka verður greitt 43% af beittu 420 króka bjóði með beituskurði. Ef bregður út af þessum samningsforsendum ber að semja um þá vinnu sérstaklega.

4. gr. Landmenn

Samið skal sérstaklega við þá sem sjá um að taka á móti bát úr róðri, sjá um að koma beitu fyrir í klefa, greiða úr flækjum eða flóka sem rekja má til ytri aðstæðna og annast aðra umsýslu.

Á vinnustað skulu atvinnurekendur sjá um að lyfjakassi sé á staðnum með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum. Starfsmenn skulu hafa viðunandi aðgang að salernisaðstöðu, vaski og húsnæði til kaffidrykkju og geymslu á hlífðarfötum.

5. gr. Starfshlutfall

Starfsmaður sem stokkar upp eða beitir ákveðinn fjölda bjóða á dag samkvæmt eftirfarandi reglu telst vera í fullu starfi við beitningu. Sé hann ráðinn til að beita færri bjóð skerðist starfshlutfall hans sem því nemur. Fullt starf er skilgreint í samningi þessum að beitt sé í 14 daga í mánuði hverjum.

Bjóð með beituskurði:

420 króka bjóð = 6,55 bjóð á dag

450 króka bjóð = 6,11 bjóð á dag

500 króka bjóð = 5,50 bjóð á dag

540 króka bjóð = 5,09 bjóð á dag

Bjóð án beituskurðar:

420 króka bjóð = 7,15 bjóð á dag

450 króka bjóð = 6,68 bjóð á dag

500 króka bjóð = 6,01 bjóð á dag

540 króka bjóð = 5,56 bjóð á dag

Uppstokkun á línu:

420 króka bjóð = 8,85 bjóð á dag

450 króka bjóð = 8,26 bjóð á dag

500 króka bjóð = 7,43 bjóð á dag

540 króka bjóð = 6,88 bjóð á dag

6. gr. Kauptrygging

Beitningamenn sem eru fastráðnir skulu hafa kauptryggingu á mánuði kr. 319.765.

Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn stokki upp eða beiti ákveðinn fjöldi bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu sem viðkomandi starfsmaður stakkar upp eða beitir reglulega. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu.

Kauptrygging kr. 319.765,-

Með beituskurði 420 króka bjóð: 91,67 bjóð á mánuði

450 króka bjóð: 85,57 bjóð á mánuði

500 króka bjóð: 77,00 bjóð á mánuði

540 króka bjóð: 71,30 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 319.765,-

Án beituskurðar 420 króka bjóð: 100,17 bjóð á mánuði

450 króka bjóð: 93,50 bjóð á mánuði

500 króka bjóð: 84,14 bjóð á mánuði

540 króka bjóð: 77,91 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 319.765,-

Uppstokkun á línu 420 króka bjóð: 123,87 bjóð á mánuði

450 króka bjóð: 115,62 bjóð á mánuði

500 króka bjóð: 104,05 bjóð á mánuði

540 króka bjóð: 96,35 bjóð á mánuði

Kauptryggingin og aðrir launaliðir taka hækkunum sem hér segir:

1. apríl	2019:	17.000 kr. eða 5,63%
1. apríl	2020:	24.000 kr. eða 7,52%
1. apríl	2021:	24.000 kr. eða 7,00%
1. janúar	2022:	25.000 kr. eða 6,80%.

7. gr. Vinna við línu og netavinnu

Uppsetning línu

	Greiðsla án orlofs
Fyrir að hnyta 1000 nælontauma	kr. 4.056
Sé aðeins hnýttur krókur	kr. 2.844
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	kr. 1.294

Vinna við þorskanet

Fyrir að fella net á teina (blý- og flotteina)	kr. 2.839
Fyrir að setja netaslöngu á pípur	kr. 1.217
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr. 221
Samtals þorskanet	kr. 4.277

Fyrir að fella þorskanet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 2.839

Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana

Vinna við grásleppunet

Fyrir að fella grásleppunet á teina (blý- og flotteina)	kr. 3.408
Fyrir að setja grásleppunetaslöngu á pípur	kr. 2.435
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr. 221
Samtals grásleppunet	kr. 6.063

Fyrir að nálfella grásleppunet

Fyrir að fella grásleppunet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 3.408

Fyrir að skera af grásleppuneti, losa brjóst af teinum og hringa teinana

8. gr. Orlofs- og desemberuppbót

Greiða skal starfsmönnum við línu og netavinnu orlofs- og desemberuppbót í hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall þeirra.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019	92.000 kr.
Á árinu 2020	94.000 kr.
Á árinu 2021	96.000 kr.
Á árinu 2022	98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019	50.000 kr.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020	51.000 kr.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021	52.000 kr.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022	53.000 kr.

Eingreiðsla upp á 26.000 kr. kemur sem sérstakt álag á orlofsuppbót sem greiðist eigi síðar en 1. júlí 2019.

9. gr. Ráðningarsamningur

Sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klst. á viku skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega.

10. gr. Orlofsréttur

Lágmarksorlof skal vera 10,17% eða 24 dagar. Eftir að starfsmaður hefur starfað við beitningu eða netafellingu í 5 ár skal rétturinn vera 10,64% eða 25 dagar. Með sama hætti öðlast starfsfólk sem starfað hefur í fullu starfi við beitningu eða netafellingu í 10 ár 30 daga orlofsrétt eða 13,04% orlofslaun.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í annarri starfsgrein í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

11. gr. Vetrarorlof

Á tímabilinu september til apríl, að báðum mánuðum meðtöldum, er fastráðnum línu-beitningamanni heimilt að taka sér orlof sem nemur tveimur dögum. Orlofið skal tekið í samráði við atvinnurekanda þar sem gætt skal að hagsmunum beggja aðila. Réttur til töku vetrarorlofs verður virkur eftir eitt ár í starfi hjá sama atvinnurekanda og endurnýjast 1. maí ár hvert. Ótekið vetrarorlof skal gert upp við starfslok. Heimilt er með samkomulagi atvinnurekanda og starfsmanns að greiðsla komi í stað umrædds orlofs og er greiðslan þá 6,55 þjóð miðað við 420 króka með beituskurði þr. frídag. Á launaseðli skal sundurgreina vetrarorlof frá öðrum launaliðum.

12. gr. Uppgjör

Um uppgjör og launaseðla fer eins og kveðið er á um í grein 1.10. í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

13. gr. Vinnutími

Um vinnutíma og lágmarkshvöld fer eins og kveðið er á um í 2. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

14. gr. Veikindaréttur

Um greiðslu launa í veikinda- og slysatillfellum og slysatryggingar fer eins og kveðið er á um í 8. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

15. gr. Hlífðarfatnaður

Atvinnurekandi skal leggja til hlífðarfatnað (svuntu, viðeigandi vettlinga, stígvél, buxur og slopp) þar sem því verður ekki við komið skal fastráðinn beitningamaður hafa heimild til úttektar á vinnufatnaði hjá útgerðinni að upphæð kr. 8.191 á mánuði.

Lausráðnir beitningamenn og starfsmenn við netafellingu skulu fá viðeigandi hlífðarfatnað.

16. gr. Greiðslur í lífeyrissjóð

Atvinnurekandi skal greiða 11,5% og starfsmaður 4% af öllum launum í lífeyrissjóð.

Viðbótarframlag atvinnurekanda í séreignasjóð skal vera 2% af öllum launum gegn 2% eða hærra framlagi starfsmanns í séreignasjóð.

17. gr. Starfsendurhæfingarsjóður

Um framlög til starfsendurhæfingarsjóðs fer samkvæmt 10. kafla í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

18. gr. Félagsgjald og önnur gjöld

Atvinnurekandi skal halda eftir félagsgjaldi af öllum launum starfsmanna og greiða þau til viðkomandi stéttarfélags. Um önnur gjöld s.s. gjald í orlofssjóð, sjúkrasjóð og starfsmenntasjóð fer eins og kveðið er á um í 10. kafla kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

19. gr. Frekari fríðindi

Nú hefur beitningamaður hærra kaup eða frekari fríðindi en samningur þessi ákveður og skal þá það kaup og þau fríðindi haldast.

20. gr. Önnur atriði

Um önnur atriði sem ekki eru tilgreind í þessum samningi vísast í aðalkjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

21. gr. Gildistími

Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um að samningnum hafi verið hafnað fyrir klukkan 16:00 þann 1. júlí 2019 skoðast hann samþykktur. Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Um samningsforsendur fer eins og um er getið í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

1. apríl 2020:

420 krókar með beituskurði **kr. 3.750.**

450 krókar með beituskurði **kr. 4.017.**

500 krókar með beituskurði **kr. 4.464.**

540 krókar með beituskurði **kr. 4.821.**

1. apríl 2020:

420 krókar án beituskurðar **kr. 3.432.**

450 krókar án beituskurðar **kr. 3.677.**

500 krókar án beituskurðar **kr. 4.086.**

540 krókar án beituskurðar **kr. 4.412.**

1. apríl 2020:

420 króka uppstokkun **kr. 2.775.**

450 króka uppstokkun **kr. 2.973.**

500 króka uppstokkun **kr. 3.304.**

540 króka uppstokkun **kr. 3.568.**

1. apríl 2021:

420 krókar með beituskurði **kr. 4.012.**

450 krókar með beituskurði **kr. 4.298.**

500 krókar með beituskurði **kr. 4.776.**

540 krókar með beituskurði **kr. 5.158.**

1. apríl 2021:

420 krókar án beituskurðar **kr. 3.671.**

450 krókar án beituskurðar **kr. 3.933.**

500 krókar án beituskurðar **kr. 4.371.**

540 krókar án beituskurðar **kr. 4.720.**

1. apríl 2021:

420 króka uppstokkun **kr. 2.969.**

450 króka uppstokkun **kr. 3.181.**

500 króka uppstokkun **kr. 3.535.**

540 króka uppstokkun **kr. 3.817.**

1. apríl 2022:

420 krókar með beituskurði **kr. 4.285.**

450 krókar með beituskurði **kr. 4.590.**

500 krókar með beituskurði **kr. 5.101.**

540 krókar með beituskurði **kr. 5.509.**

1. apríl 2022:

420 krókar án beituskurðar **kr. 3.921.**

450 krókar án beituskurðar **kr. 4.201.**

500 krókar án beituskurðar **kr. 4.668.**

540 krókar án beituskurðar **kr. 5.041.**

1. apríl 2022:

420 króka uppstokkun **kr. 3.171.**

450 króka uppstokkun **kr. 3.397.**

500 króka uppstokkun **kr. 3.775.**

540 króka uppstokkun **kr. 4.076.**

Uppsetning línu - greiðsla án orlofs	1. apríl 2020	1. apríl 2021	1. janúar 2022
Fyrir að hnýta 1000 nælontauma	kr. 4.361	kr. 4.667	kr. 4.984
Sé aðeins hnýttur krókur	kr. 3.057	kr. 3.271	kr. 3.494
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	kr. 1.391	kr. 1.489	kr. 1.590
Vinna við þorskanet			
Fyrir að fella net á teina (blý- og flotteina)	kr. 3.053	kr. 3.267	kr. 3.489
Fyrir að setja netaslöngu á pípur	kr. 1.308	kr. 1.400	kr. 1.495
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr. 237	kr. 254	kr. 271
Samtals þorskanet	kr. 4.598	kr. 4.920	kr. 5.255
Fyrir að fella þorskanet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 2.839	kr. 3.358	kr. 3.593	kr. 3.838
Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana	kr. 3.214	kr. 3.439	kr. 3.673
Vinna við grásleppunet			
Fyrir að fella grásleppunet á teina (blý- og flotteina)	kr. 3.664	kr. 3.920	kr. 4.187
Fyrir að setja grásleppunetaslöngu á pípur	kr. 2.618	kr. 2.801	kr. 2.992
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr. 237	kr. 254	kr. 271
Samtals grásleppunet	kr. 6.519	kr. 6.975	kr. 7.450
Fyrir að nálfella grásleppunet	kr. 8.590	kr. 9.191	kr. 9.816
Fyrir að fella grásleppunet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 3.226	kr. 4.030	kr. 4.312	kr. 4.605
Fyrir að skera af grásleppuneti, losa brjóst af teinum og hringa teinana	kr. 3.788	kr. 4.053	kr. 4.328



Starfsgreinasamband
Íslands

STARFSGREINASAMBAND ÍSLANDS | GUÐRÚNARTÚNI 1 | 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 562 6410 | SGS@SGS.IS | WWW.SGS.IS